

VIŠKUBRUNNURINN

Óðinn hagræddi sér á stólum og hvessti augun út í morgungráa veröldina. Á afskekktum stað þar sem allir vindar næddu sat hvíthærð völva og horfði hugsandi í gaupnir sér. Og þarna var jötunninn Mímir nývaknaður, teygði sig í ausu og fékk sér sopa úr brunninum, þambaði stórum og sleikti svo út um. Augun loguðu af visku og Mímir strauk magann mjúklega eins og til að dreifa henni sem víðast. Óðinn fann sárt til þorsta og undir niðri hafði hann alltaf verið ákveðinn í að ná sér í sopa úr þessum brunni.

– Nú á ég þennan forlata hest. Er ekki maklegt að vígja hann með ferð til Mímis? hugsaði hann, stökk á fætur, söðlaði Sleipni og settist á bak. Einherjar voru komnir út á völl og bardagi dagsins hafinn. Siguróp og sverðaglamur léku í eyrum hans þegar hann reið í átt til Bifrastar.

Þetta var löng leið og þó að hann hefði farið hér um gangandi á æskudögum var hann feginn að hafa reiðskjótann í þetta sinn. Lengra og lengra hélt hann, langt inn í Jötunheima og loks blasti rót Yggdrasils við. Hún þræddi loftið uns hún hvarf í jörðina á dimmum og drungalegum stað. Óðinn hraðaði sér þangað og reið varlega eftir þröngum stíg sem lá niður með henni þar til hann kom að hömrum girtu gljúfri og í botni þess lá brunnurinn. Á bakkanum vöppuðu tveir hrafnar.

Vatnið var svo tært, hann langaði mest til að flegja sér niður og teygja það en áður en hann náði svo langt heyrðist dimm rödd:

- Hvað er þér á höndum?
- Ég er kominn til að drekka af vatninu í Mímisbrunni og öðlast aukna visku, svaraði Óðinn.
- Ég veit hver þú ert og þekki þinn viskuskort. En það drekkur enginn af brunninum mínum nema ég.
- Ekki trúi ég að þú neitir sjálfum alföður um smásopa

af speki. Það er ekki eins og ég ætli að tæma brunninn, svaraði Óðinn.

– Hver dropi er mér dýrmætur.

– Mig grunar að þú munir afstýra ómældum voða ef þú lætur mér þetta eftir, sagði Óðinn.

– Jæja þá, ég ætti svosem að geta séð af munnsopa handa þér ef þú borgar fyrir hann, svaraði Mímir.

– Með ánægju. Hvað viltu fá?

– Auga þitt, svaraði Mímir að bragði.

Nefndu tvennt sem Óðinn sá þegar hann sat í Hliðskjálf. _____

Hvað hét hestur Óðins? _____

Hverjir voru að berjast úti á vellinum? _____

Hverjir vöppuðu á bökkum gljúfursins? _____

Hvað hét brunnurinn? _____

Til hvers vildi Óðinn drekka úr brunninum? _____

Hvað varð hann að láta Mími hafa fyrir sopann sem hann drakk?
